

Miðvikudaginn 22. nóvember 1989.

Nr. 87/1989.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Antoni Birgissyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Tilraun til manndráps. Sakhæfi. Öryggisgæsla. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 24. janúar 1989 og jafnframt af hálfu ákærvaldsins.

Ákærvaldið krefst þess aðallega, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til tímamarkaðrar refsingar samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þá er krafist staðfestingar á greiðslu sakarkostnaðar og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar. Til vara krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms um, að ákærði sæti öruggri gæslu á videigandi stofnun, og einnig greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómstigum.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og að felld verði niður sú ákvörðun héraðsdóms, að ákærði sæti öryggisgæslu, en til vara, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og refsing verði skilorðsbundin. Verði refsivist dæmd, þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. apríl 1988 og sá tími, sem hann hefur sætt öryggisgæslu, komi til frádráttar dæmdri refsingu.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður úrskurður lækna ráðs 18. október 1989, en ríkissaksóknari leitaði umsagnar lækna ráðs um skýrslu dr. med. Helga Kristbjarnarsonar, sérfræðings í geðsjúkdómum, og skýrslu Gylfa Ásmundssonar sálfræðings. Var sérstak-

lega leitað svars við þeirri spurningu, hvort lækna ráð væri samþykkt niðurstöðum Helga Kristbjarnarsonar í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Ályktun lækna ráðs er á þessa leið: „Ákærði hefur greinilega verið geðveikur, er hann framdi hinn saknæma verknað, og þar af leiðandi brugðist við snertingu gerðarþola í rúmi hans með jafnmikilli heift og raun ber vitni. Amfetamínneysla ákærða hefur stuðlað að ofsa hans. Að hve miklu leyti þessi neysla hefur beinlínis framkallað geðveikina, er erfitt að segja, en vitað er, að amfetamínneysla einstaklinga, sem eru sömu persónugerðar og ákærði, getur framkallað langvarandi geðklofaeinkenni. Gangur einkenna hans, meðan á fangelsisvist hefur staðið, bendir til þess, að amfetamínið eigi hér verulegan hlut. Þó að svo hafi verið, verður að telja, að hann hafi verið ósakhæfur á þeim tíma, sem hann framdi hinn kærða verknað.“

Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt álit Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis, dagsett 23. október 1989, á núverandi geðheilsu ákærða, en hann kveðst hafa fylgst með ástandi og geðheilsu ákærða, meðan á öryggisgæslu hans hefur staðið. Þar segir m.a.: „Hann hefur allan tímann verið rólegur og vinsamlegur og ekki sýnt af sér athæfi, sem benti til, að hann hafi verið með ranghugmyndir eða truflun á hugsanagangi á þessu tímabili. Helstu geðræn einkenni hans hafa verið þunglyndi og fálæti, sem ekki er með öllu óeðlilegt miðað við aðstæður. Hann fékk í fyrstu geðlyf, en í júlí sl. mælti ég með því við fangelsislækni að hætta lyfjagjöf, og var það gert. Anton hefur ekki sýnt nein merki ranghugmynda, þrátt fyrir það að lyfjagjöf væri hætt, en í september sl. tók að bera á vaxandi þunglyndi og hirðuleysi hjá honum, og ákvað fangelsislæknir þá að hefja geðlyfjameðferð að nýju. Það er mat mitt, að viðeigandi meðferð fyrir þennan einstakling væri ýtarleg áfengismeðferð og síðan meðferð á geðdeild eða í tengslum við geðdeild, þar sem hægt væri að tryggja, að hann fengi lyfjameðferð, t.d. með langvirkum sprautum, eins lengi og þörf krefur.“

II.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallist er á lýsingu hér-
aðsdóms á atferli því, sem ákærða er gefið að sök, og er það rétti-
lega fært til refsíákvæða.

III.

Í skýrslum þeim, sem Helgi Kristbjarnarson geðlæknir gerði um geðhagi ákærða og lýst er í héraðsdómi, telur hann einsýnt, að ákærði sé haldinn geðsjúkdómi (schizophrenia), auk þess sem hann sé haldinn áfengisfíkn og misnoti einnig önnur vímuefni. Telur hann ákærða ekki geta talist hættulausan sjálfum sér eða umhverfi sínu.

Í skýrslu Gylfa Ásmundssonar sálfræðings kemur fram það álit hans, að ákærði sé haldinn geðsjúkdómi, sem jaðri við geðklofa (borderline schizophrenia), og komist á köflum í raunverulegt geðveikisástand og geti að líkindum verið hættulegur umhverfi sínu.

Með hliðsjón af þessu svo og niðurstöðu læknaáðs verður að telja yfirgnæfandi líkur á því, að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann framdi verknað þann, sem hann er ákærður fyrir, hinn 6. apríl 1988, og því ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Verður honum því ekki refsað fyrir verknaðinn.

IV.

Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði dæmdur til að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

Eins og fram kemur í álit Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis frá 23. október 1989 og lýst er hér að framan, telur hann, að ákærði þurfi á ýtarlegri áfengismeðferð að halda og síðan meðferð á geðdeild, eins lengi og þörf krefur. Þykir því rétt, að ákærði verði í samræmi við álit læknisins vistaður á viðeigandi hæli smkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hann fái læknismeðferð svo lengi sem þörf krefur og sæti öruggri gæslu.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skal sýkna ákærða af kröfu um greiðslu sakarkostnaðar og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Anton Birgisson, skal vistaður á viðeigandi hæli samkvæmt framansögðu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda

ákærða, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 105.000,00 krónur í héraði og 80.000,00 krónur fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Keflavíkur 30. nóvember 1988.

Ár 1988, miðvikudag 30. nóvember, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem haldið er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1492/1988: Ákærvaldið gegn Antoni Birgissyni, sem dómtekið var 25. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. júní sl., á hendur Antoni Birgissyni, Mávabraut 11 C, Keflavík, fæddum í Reykjavík 4. september 1966, fyrir að hafa laust eftir kl. 4.30 aðfaranótt miðvikudags 6. apríl 1988 reynt að svipta X, fæddan 1957, lífi í íbúð X að, Keflavík, með því að skera hann með hnifi þvert á háls 15 cm langan skurð, sem náði í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barka.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

I.

Málavextir eru þeir, að kl. 4.51 miðvikudag 6.4. 1988 var hringt frá sjúkrahúsinu í Keflavík til lögreglunnar í Keflavík og tilkynnt, að þar væri maður, sem væri með mikinn skurð á hálsi og orðinn allþrekaður. Er lögreglumenn komu á staðinn, var þar maður á sjúkrabörum, og höfðu lækarnir Pétur Thorsteinsson og Sigurjón Sigurðsson gert að sárum hans til bráðabirgða. Var maður þessi, sem reyndist vera X, að því búnu fluttur í sjúkrabifreið á Borgarspítalann í Reykjavík til frekari aðgerðar. Í vottorði Einars Ólafssonar um áverkana á X frá 27.4. 1988 segir m.a.: „Kemur með sjúkrabíl frá sjúkrahúsinu í Keflavík á slysadeild kl. 5.30 6.4. Hafði verið skorinn á háls með beittum hnifi. Sárið er ca. 15 cm breitt, nær í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barka á milli „membrana“ (circo thyroidea). Talsvert blæðir úr sári, og verður sjúklingur að sitja uppi, til þess að blóð renni ekki ofan í barka. Sjúklingur er fögur, en með góða meðvitund og eðlilegur blóðþrýstingur. Fljótlega eftir komu voru gerðar ráðstafanir til þess að gera að sárinu, og er það gert í svæfingu. Kemur þá í ljós, þegar sárið er skoðað betur, að litlu hafði munað, að skorið hefði verið á stórar æðar. Mikið af smáæðum er og sundur, og eru vöðvar framanvert á hálsi framan við barka í sundur og ca. 3 cm op inn í barka.

Sárið var saumað saman, og af blóðmælingu var ljóst, að sjúklingur hafði misst talsvert blóð.

Næstu daga hresstist sjúklingur vel og var útskrifaður af spítalanum 12.4. 1988.

Álit: Telja verður þetta meiri háttar sár á hálsi og litlu munað, að stóru æðarnar á hálsi hafi skorist í sundur, og hefði þá sjúklingur fengið varanlegan skaða, ef ekki dauða.“

Fyrir dóminum hefur ákærði viðurkennt að hafa veitt X áverka þennan, sem hér hefur verið lýst, en hins vegar neitað að hafa ætlað að svipta hann lífi, en sú neitun er ekki í neinu samræmi við það, sem fram kemur í skýrslu, sem Óskar Þórmundsson lögreglufulltrúi gerði vegna atburðarins kl. 7.05 6. apríl 1988. Skýrslu þessa hefur Óskar staðfest fyrir dómi, en þar segir orðrétt: „Anton sagðist hafa verið búinn að fá ógeð á þessum manni og því ákveðið að drepa hann.“ Í skýrslu, sem gerð er af sama lögreglufulltrúa um framburð ákærða við yfirheyrslu í Síðumúlafangelsi 14. apríl sl., segir svo m.a. „Mætti (Anton) segist hafa verið „uppðópaður“ og ruglaður, þegar hér var komið sögu, og ekki muna atburðina mjög vel. Hann segist hafa farið inn í eldhús og tekið þar hnif, farið inn í svefnherbergið aftur, en þar lá X í rúmi. Mætti segist hafa sest ofan á X og skorið hann á háls.“ Ekki vildi Anton skrifa undir þessa skýrslu, sagðist ekki vilja viðurkenna „atburðinn“ og að skýrslan væri ekki rétt.

Hinn 22. apríl sl. gaf ákærði skýrslu hjá lögreglufulltrúa að viðstöddum réttargæslumanni sínum.

Er skýrsla þessi, svo langt sem hún nær, í samræmi við framburð hans fyrir dómi, en mjög erfitt hefur verið að fá ákærða til þess að tjá sig fyrir dóminum. Hefur framkoma hans verið mjög annarleg og framburður mjög ruglingslegur. Var hann stundum mjög seinn til svars eða svaraði alls ekki. Virðist hann stundum missa þráðinn í miðju svari og segja þá „skiptir ekki máli“ og síðan þögn. Við síðustu yfirheyrslu fyrir dómi var ákærði í mjög annarlegu ástandi og, að því er virtist, ekki í tengslum við umhverfi sitt og svör við spurningum þannig, að lítið sem ekkert var á þeim að byggja. Hefur ýtarleg rannsókn farið fram á geðheilbrigði ákærða, og verður vikið að henni síðar í dómsforsendum.

Í áðurgreindri skýrslu frá 22. apríl sl. skýrir ákærði frá, að X hafi komið til sín á Herskálann (sem á augljóslega við Herkastalann skv. gögnum málsins) um kl. 17.00-18.00, og hafi þeir farið á „rúntinn“. Hafi þeir farið á veitingastað við Laugaveg og X keypt kaffi og koníak handa báðum. Einnig hafi hann fengið sér glas af öðru áfengi, en muni ekki hvaða tegund. Hafi þeir verið á veitingastaðnum um það bil hálfa klukkustund.

Síðan hafi þeir farið á „rúntinn“ í bifreið X um götur Reykjavíkur, en haldið síðan til Keflavíkur, en ekki mundi hann, hvað klukkan var þá.

Komu þeir við á litlu Aðalstöðinni og keyptu sér öl, en fóru síðan í íbúð X við, Keflavík. Þegar inn var komið, hafi þeir fengið sér hvor sitt glasið af áfengi, sem X átti, og farið að tala saman. Einnig hafi þeir tekið í nefið hvítt fíkniefni, sem hann kunni ekki nafn á. Kveðst ákærði hafa spurt X, hvort hann ætti í nefið. Hafi X skroppið frá hálfra klukkustund og náð í um 1/2 gramm af hvítu efni. Ekki kvaðst ákærði vita, hvert X fór né hvort hann hefði greitt fyrir efnið; sjálfur hefði hann verið auralaus. Hafi þeir síðan setið fram eftir nóttu, talað saman og drukkið, en ekki muni hann umræðuefnið. „Það var bara svona á milli félaga“, en segir þó, að þeir hafi verið að rifast um eitthvað, en hann muni ekki hvað. Segist hann muna, að X hafi legið í rúmi sínu, en ekki, hvort hann var í fötum eða ekki. Ákærði segist muna eftir að hafa farið fram í eldhús og tekið þar hníf. Hann muni ekki atburðinn, en segist muna eftir sári á hálsi X og að hann hafi skorið X. Hafi X hlaupið út, eftir að hann fékk sárið á hálsinn. Sjálfur hafi hann einnig hlaupið út og ætlað að láta sig hverfa. Segist ákærði síðan hafa skorið sig á púls með það í huga að stytta sér aldur, en síðan guggnað á sjálfsmörðinu og farið niður á sjúkrahús, þar sem læknar gerðu að sárum hans.

Eins og áður segir, hefur framburður og framkoma ákærða verið mjög annarleg. Stundum virðist hann ekki skilja spurningar, sem fyrir hann eru lagðar, og svörin af þeim sökum oft algerlega út í hött. Má þó ráða af framburði hans, að engin tengsl séu á milli verknaðarins og þess kynferðislega sambands eða áreitni í þeim skilningi, að ákærði hefur ekki gefið í skyn, að hvatinn að verknaðinum hafi átt rót sína að rekja til þess háttar áreitni af hálfu X þá um kvöldið. Eins þykir af framburði hans ljóst, að hann fæst ekki til þess að tjá sig um, hvað gerðist á þeim tíma, sem leið, frá því að hann tók hnífinn í eldhúsinu og þar til hann rankar við sér frammi á gangi.

Vitnið X hefur skýrt svo frá, bæði í kæruskýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 18. apríl sl. og fyrir dómi 18. nóvember sl. um aðdraganda þess, að þeir hittust umrætt kvöld, hann og ákærði.

„Kunningsskapur okkar Antons hófst fyrir um það bil ári, er við hittumst á fyllirri, en í seinni tíð hafði það oft komið fyrir, að Anton missti stjórn á skapi sínu, og ég því hættur að hitta hann. Höfðum við ekkert hist síðan fyrir áramót sl., ef undan er skilinn páska dagur, en Anton leit þá aðeins inn í heimsókn.

Það hefur verið á páska dag, að Anton hringdi og spurði, hvort hann mætti koma í heimsókn. Ég var ekkert hrifinn af því, en leyfði honum það vegna þess, að hann langaði svo til að koma.“ Hafi Anton komið eftir kvöldmat og þeir horft á sjónvarp ásamt þriðja manni, sem þar var staddur, Birni Kjartanssyni. Hafi þeir verið búnir að sitja þarna um það

bil klukkutíma, þegar móðir Antons hringdi og spurði eftir honum. „Sagði ég henni, að Anton væri ekki þarna. Gerði ég það vegna þess, að ég hafði oft rifist við móður Antons, sem hélt því fram, að ég útvegaði Antoni áfengi, og í eitt skipti ásakaði hún mig fyrir að hafa útvegað Antoni eitt-hvað meira en áfengi. Sendi ég því Anton strax heim og hafði Anton þá ekki verið nema um það bil klukkustund.“

Anton hafi síðan hringt í sig heim á og beðið sig að koma til Reykjavíkur og sækja sig á Herkastalann, þar sem hann leigði herbergi, vegna þess að hann hefði engan að tala við. Hafi þetta verið á annan í páskum, mánudaginn 4. apríl sl., kl. 20.00.

„Ekki fór ég þá, en átti leið til Reykjavíkur daginn eftir, þriðjudag 5. apríl sl., um klukkan 18.30. Erindi mitt var að hitta kunningja, sem ég ætlaði að láta kaupa varahluti í bifreið mína, en ekki tókst mér að hitta hann og fór því á Herkastalann um klukkan 20.00 og upp á herbergi til Antons. Spurði ég eftir Antoni í anddyrinu og var vísað upp á þriðju hæð. Ekki stönsuðum við neitt í herberginu, en fórum og gengum um götur Reykjavíkur. Ætlaði ég að bjóða Antoni upp á kaffi, en gleymdi veskinu í bifreiðinni, sem ég lagði við Herkastalann. Gengum við þangað að bifreiðinni og ókum síðan á veitingastað við Laugaveg 22. Þar bauð ég Antoni, sem var peningalaus, kaffi og koníak. En Anton vildi meira áfengi, og bauð ég honum þá upp á einn tvöfaldan vodka. Ekki gat ég veitt honum meira, þar sem ég hafði ekki meira fé meðferðis.

Þá álpaðist ég til að segjast eiga áfengi í Keflavík, og vildi Anton ólmur komast í það. Lét ég undan og þá með því skilyrði, að Anton tæki til í íbúð minni, á meðan ég væri á sjónum. Varð það því úr, að við ókum suður til Keflavíkur, en klukkan var þá um 23.00.“

X hefur í vætti sínu fyrir réttinum lýst atburðum þeim, er á eftir fóru þá um kvöldið, á þá leið, að er þeir voru komnir þarna heim „og höfðum fengið þetta áfengi, sem ég átti, þá hafði Anton hvolft í sig einu til tveimur glösum strax og vildi, að ég fengi mér í glas með sér, en ég var ekki tilbúinn til þess. Enda var ekki um að ræða nema hálfa flösku af vodka og það vart til skiptanna. Fór þá Anton að „rugla“ um sína hagi og einhver vandamál. Vorum við búnir að sitja einhverja stund þarna, þegar ég hringdi í Landssímamann til þess að láta „ræsa“ mig um sexleytið. Var Anton þá orðinn hálf-leiðinlegur. Var lítið orðið eftir af áfenginu og Anton farinn að krefjast þess að fá meira áfengi og vildi, að ég útvegaði það. Vildi hann fá mig til þess að kaupa flösku á „svörtu“ eða eitthvað því um líkt og fá mig til þess að drekka með sér og fara með sér á fylliri og sleppa því að fara á sjóinn, sem ég ætlaði um morguninn. Sagði ég honum, að ég færi á sjóinn, því yrði ekki breytt. Lét ég hann síðan hafa teppi, en fór sjálfur inn í herbergi, en hann á eftir mér og vildi endilega fá mig til þess

að rabba við sig. Fór hann nú að gera kröfu til þess, að ég útvegaði brennivín, og hélt því fram, að ég gæti ábyggilega útvegað sér hass eða eitthvert annað „dóp“. Sagði ég honum, að það kæmi ekki til greina, ég hefði enga peninga til neins, en þar sem ég var orðinn þreyttur og nennti ekki að hlusta á hann, sagðist ég skyldu fara og athuga málið og fór út á bílnum niður á Fitjanesti og setti á hann bensín og tók einn til tvo „rúnta“. Er ég kom aftur og hann spurði, hvort ég hefði ekki getað útvegað neitt, lét ég hann hafa helminginn af einhverju efni, sem kunningjar mínir, sem komu um páskana, höfðu skilið eftir hjá mér. Hafði ég sjálfur prófað þetta þá, en þetta hafði verið eitthvert drasl og lítil áhrifin af því.“

Í rannsóknarlögregluskýrslu er haft eftir vitninu X, að hann hafi átt 1/2 gramm af amfetamíni, sem hann hafði keypt fyrir páska. Hafi hann fengið sér nokkur korn í nös, en Anton fengið bróðurpartinn.

Frásögn vitnisins X um samskipti þess við Anton þarna um kvöldið er ákaflega samhengislaus, en í stuttu máli virðist ljóst, að Anton hafi orðið mjög ruglaður, eins og vitnið orðaði það, „talað tómmt rugl“, og var flest, sem hann sagði, samhengislaust. Um klukkan 1.00 hafi vitnið X ætlað að aka Antoni heim, en þar sem X hafði drukkið áfengi, gerði hann það ekki. Eins og áður sagði, hafði X látið Anton hafa teppi, en það hefur verið gert í þeim tilgangi, að hann svæfi á sófanum í stofunni, en hins vegar hafi Anton ávallt komið inn í svefnherbergið og látið móðan mása um fjölskylduvandamál sín og talað tómmt rugl. Hafi hann látið ýmis fúkyrði fjúka um fjölskylduna.

Fyrir dóminum hefur vitnið X lýst framhaldi atburða á eftirfarandi hátt, og fer það hér eftir orðrétt:

„Nú, eins og ég segi, þá var hann kominn inn í herbergi hjá mér, eftir að ég var búinn að fara tvisvar fram, og ég sagði honum að sitja þarna, og hann var eitthvað leiðinlegur. Ég sagði honum, að hann gæti lagst hérna við hliðina á mér og slakað á, og hann gerir það, og ég held, að ég hafi sofnað þarna einhvern smátíma. Þá verð ég var við, að hann rýkur fram. Ég sinni því ekkert og sný mér út í vegg. Þá var klukkan að verða fimm. Stuttu seinna kemur hann og sest ofan á mig, og ég fór alveg í klemmu. Ég lá á hliðinni og önnur höndin undir mér, og hann sest ofan á aðra höndina á mér og setur höndina á ennið á mér. Ég segi, hvern djöfulinn hann væri að gera, og hann virtist vera alveg trylltur. Hann fer fram stuttu seinna, og þá kemur hann inn aftur og sest, og þá er hann með hnífinn, og hann sker. Hann sest í svipaða stöðu og áður með höndina á enninu á mér og ristir yfir, og ég ætlaði að segja, að ég bara tryði ekki, en ég sagði það náttúrlega ekki, því að það var opinn barkinn, og það var ekkert nema blóð. Og eftir það kemur fát á hann og gefur slökun á því (sic) og ég reyni að benda honum með augunum að koma sér af mér. Ég náði honum

af mér þarna, ég náði að henda honum einhvern veginn af mér og hann úr rúminu og á glerborð og í gegnum það sennilega.“

Í vætti sínu fyrir dóminum hefur vitnið X skýrt svo frá, að þeir hafi þekkt, hann og Anton, um það bil eitt og hálf ár. Hafi verið með þeim nokkur kunningsskapur og einhvers konar kynferðisleg samskipti, þó á þann hátt, að ekki þykir ástæða til að fjalla um það að neinu ráði í mála-vaxtalýsingu, enda vart tilefni til þess, þar sem ljóst virðist, að atburður kvöldsins hafi ekki átt rót sína að rekja til kynferðislegrar áreitni, að minnsta kosti ekki þarna um kvöldið. En þrátt fyrir ítrekaðar spurningar hefur ekki tekist að fá neina skýra mynd fram af því, hvernig sambandi þeirra Antons og X var háttað að þessu leyti, en eins og áður segir, virðist það ekki hafa verið í neinum beinum tengslum við þann verknað, sem um er fjallað í máli þessu.

II.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði, Anton Birgisson, fæddur í Reykjavík 4. september 1966, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1985 30/12 í Reykjavík. Áv. og fíkn. Sátt: 9.500,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr., laga 65/1974, sbr. lög 60/1980, sbr. 9. gr. laga 75/1982, sbr. lög 13/1985, og 2., sbr. 10. gr., reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga.
- 1988 4/2 í Keflavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi 2 ár frá 14.9.1987.

Helgi Kristbjarnarson dr. med. var við rannsókn málsins fenginn til þess að rannsaka geðhagi Antons. Hefur dr. Helgi skilað ýtarlegri skýrslu um geðrannsókn á Antoni, og barst sú skýrsla 13.5.1988 rannsóknarlögreglu í Keflavík. Þá hefur dómari fengið tvær viðbótarskýrslur, 27.9.1988 og 25. nóvember, sama ár sem dr. Helgi gerði sína skýrslu, en þær skýrslur eru gerðar að beiðni dómara, sem taldi viðbótarskýrslu um geðhagi Antons nauðsynlega, til þess að fram kæmi sem skýrust mynd af því, hvernig þeim væri háttað með tilliti til sakhæfis hans. Af sömu ástæðu kom dr. Helgi einnig fyrir dóm og svaraði tilteknum spurningum. Auk þessara athugana Helga hefur Gylfi Ásmundsson sálfræðingur gert sálfræðilega athugun á Antoni að beiðni dr. Helga. Í skýrslu Gylfa segir meðal annars:

„Rannsókn með sálfræðilegum prófum gekk afar illa vegna skorts á samvinnu við Anton. Lögð var höfuðáhersla á að fá mynd af bæði eðlilegri og starfhæfri greind hans og reyna að greina, hvort um geðveiki væri að ræða og þá hvers konar.“

Einnig segir í skýrslu Gylfa, að prófin hafi gengið misvel og sumt aðeins

verið hægt að leggja að hluta fyrir Anton vegna þess, hversu erfið samvinna var við hann. Rétt þykir að taka hér upp orðrétt meginniðurstöðu Gylfa eftir rannsóknina.

„Veruleg geðræn sjúkdómseinkenni og einkenni um truflanir á persónuleika og skapgerð komu fram bæði í viðtölum og í niðurstöðum sálfræðilegra prófa. Einkum má leiða líkur að vanþroska í hugsun og tilfinningalífi, mjög lakri hvatrænni stjórn og árásgirni. Þótt þetta sé almennt einkenni um verulegar persónuleikatrufanir af andfélagslegri gerð (sociopati), fundust jafnframt merki um hugsanatrufanir og skert raunveruleikatengsl, sem vekja grun um, að geðveiki, geðklofagerð (schizophrenia), kunni að búa að baki. Athugun, sem gerð var fyrir hálfu ári, þar sem betri samvinna náðist við Anton en nú, rennir stöðum undir þennan grun. Þar kom fram geðrænt sjúkdómssmynstur, sem algengast er hjá sjúklingum með dulinn geðklofa (latent eða borderline schizophrenia). Alvarleg geðveiki virðist því dyljast bak við þá framhlið, sem lýsti sér í vímuefnaneyslu og andfélagslegri hegðun, en vímuástand getur hins vegar átt þátt í því, að geðveikin brýst út.

Því má álykta, að Anton sé haldinn geðsjúkdómi, sem jaðri við geðklofa (borderline schizophrenia), og komist á köflum í raunverulegt geðveikisástand. Vegna hinna sterku andfélagslegu þátta í skapgerð Antons og stjórnlausra árásarhvata, sem geta brotist út samfara truflunum í hugmyndalífi, getur hann að líkindum verið hættulegur umhverfi sínu.“

Í skýrslu dr. Helga Kristbjarnarsonar er persónu- og félagssaga ákærðar rakin nokkuð, en þar kemur fram, að Anton er sonur Annýjar Sigurðardóttur og Bandaríkjamanns, sem hér starfaði. Hafi hann flust tveggja ára gamall til Bandaríkjanna ásamt móður sinni og stjúpfaðri, Birgi Ársælssyni, og búið þar til 5 ára aldurs, en síðan flust frá Bandaríkjunum til Lúxemborgar og búið þar til 15 ára aldurs. Anton á tvö hálfsystkin yngri, 18 ára hálfsystur og 14 ára hálfróður. Móðir hans og stjúpfaðir skildu árið 1981, og þá fluttist hún til Íslands með börnin.

Einnig kemur fram, að Anton hafi byrjað að drekka bjór 12 ára gamall og fór þá fljótlega að ganga verr í skóla, en hafði áður verið miðlungsnemandi. Fjórtán ára gamall hætti hann síðan að sækja skólann um miðjan vetur, en þá hafði hann kynnst einhverjum unglingum, sem voru mikið í óreglu, og var í drykkjuskap með þeim. Í framhaldi af þessu þykir rétt að taka hér upp hluta úr skýrslu dr. Helga, sem varðar meðferðarsögu Antons: „Í september 1986 fór Anton fyrst í áfengismeðferð á Vogum og síðan í eftirmeðferð á Sogni. Í skýrslum þar kemur fram, að Anton hafi haft ranghugmyndir um, að fólk væri að tala um sig, og var mat lækna þar, að þessar hugmyndir væru langt umfram það að geta talist afleiðingar af vímuefnaneyslu hans. Var talið, að hann hefði litið notað amfetamín fram að þeim tíma.

Rúmu ári síðar, 14. október 1987, lagðist Anton aftur inn á Vog, en var þá talinn hafa svo mikil geðræn einkenni, að ástæða væri til að leggja hann inn á geðdeild, og fór hann á deild 12 á Kleppsspítala, en var þar aðeins 6 daga og útskrifaði sig þaðan gegn læknisráði.

Hinn 6. nóvember 1987 leitaði Anton til göngudeildar áfengissjúklinga. Taldi Hallgrímur Magnússon læknir, sem þá ræddi við hann, að um byrjandi geðklofasjúkdóm (schizophreniu) væri að ræða, og lagði hann á deild 33C. Þar dvaldist Anton aðeins tvo sólarhringa, en vildi þá útskrifast og gerði það þrátt fyrir nokkrar fortölur. Í þessari dvöl mun hann hafa lýst fyrir hjúkrunarkonu reynslu í vímulausu ástandi, þar sem honum fannst raddir eða öfl stjórna sér og þessi öfl geta lesið hugsanir sínar. Honum hafi fundist fólk tala við sig frá sjónvarpinu, og hafi hann svarað með augunum. Sagði hann þessa upplifun hafa verið mjög raunverulega, en að hann hafi gert sér grein fyrir því eftir á, að þetta var rugl.

Hinn 8. desember 1987 er hann síðan lagður inn á deild 12 á Kleppsspítala að tilhlutan heilsugæslulækis í Keflavík, en dvaldist þar aðeins 6 daga. Ólafur Bjarnason læknir, sem skoðaði hann þar, taldi einkenni hans geta stafað af amfetamínfíkn og taldi hugsanlegt, að amfetamínneysla Antons væri í raun mun meiri en áður hefði komið fram. Ekki komu fram merki um ranghugmyndir í þessari legu. Anton afþakkaði boð um framhaldsmeðferð á Vífilstöðum og var vísað í göngudeild áfengisdeildar Landspítalans til Hallgríms Magnússonar, og fljótlega var óskað innlagnar fyrir hann aftur. Hinn 19. desember mun Anton hafa hringt sjálfur og óskað eftir innlögn, og var göngudeild í sambandi við hann næstu daga.

Hinn 29. desember kemur hann síðan á göngudeild í fylgd Birgis, fóstura síns, og óskar eftir innlögn, og 1. janúar 1988 leggst hann inn á deild 33A og dvelst þar til 13. janúar. Meðan Anton var á deild 33A, kom meðal annars fram, að hann átti það til að tala við sjálfan sig og hlæja upp úr þurru. Eftir útskrift af deildinni dvaldist Anton hjá móður sinni í Keflavík.

Sex vikum síðar, 27. febrúar 1988, leggst Anton síðan inn á Vog, en Óttar Guðmundsson, læknir þar, taldi Anton greinilega haldinn geðsjúkdómi. Anton mun hafa strokið af Vog eftir þrjá daga, en leitað síðan sjálfur til bráðapjónustu geðdeildar. Dvaldist Anton þá á deild 12 á Kleppsspítala frá 3. til 14. mars. Hann útskrifast á vistheimilið á Vífilstöðum, en strauk þaðan eftir 4 daga og byrjaði að drekka.

Hinn 20. mars kom Anton á göngudeild í fylgd móður sinnar, sem vildi fá hann til að leggjast inn aftur, en hann var því andvígur og réðst á hana og sló hana mikið högg. Var þá ákveðið að láta lögregluna taka hann í sína vörslu, og í framhaldi af því var hann lagður inn á deild 12 á Kleppsspítala. Var hann því mjög andvígur og krafðist útskriftar, sem var samþykkt. Móður hans var þá ráðlagt að taka hann ekki inn á heimilið aftur,

og fór hann eftir það til gistingar á Farsótt. Síðar gisti hann á Hjalpræðishernum og mun hafa búið þar, þegar atburðurinn, sem hér er fjallað um, átti sér stað.“ Þá er í sömu skýrslu lýst viðmóti, samvinnu og framkomu Antons, og þykir rétt að taka það hér upp orðrétt:

„Í fjórum viðtölum, sem ég átti við Anton í Síðumúlafangelsi, reyndist hann mjög óviss í framkomu og átti mjög erfitt með að koma frá sér heilli hugsun. Einnig var eins og hann vildi draga til baka allt, sem hann sagði, ef hann sagði eina heila hugsun. Mál hans einkenndist að verulegu leyti af setningum eins og „Ég veit ekki“, „Hvað á ég að segja?“ „Neei“, „Er það?“ eða „Ég veit það ekki“. Spurður um liðan sína í fangelsinu, virðist hann alls ekki geta komið svarinu í orð. Spurður um ranghugmyndir eða óeðlilegar upplifanir í fangavistinni, játti hann því í fyrstu, en dró síðan allt til baka. En af háttalagi hans finnst mér ekki ólíklegt, að hann hafi verið með ofsóknarkenndar ranghugmyndir.

Í viðtölum útskýrði ég tilgang viðtalsins í byrjun, en eftir nokkrar setningar virtist eins og Anton væri ekki lengur með á því, hvers vegna ég væri að spyrja hann, og þurfti ég þá að skýra málið frá grunni aftur. Þannig gengu samtölin afar stíðlega, og aldrei sýndi Anton neinar tilfinningar í þessum viðtölum.

Anton er rúmlega meðalmaður á hæð, grannholda, skolhærður með fremur stítt hár, með eyrnalokk í öðru eyra, snyrtilegur og hæglátur. Hann sýnir litlar tilfinningar í viðtali, brosir aldrei og er oft eins og úti á þekju.

Í síðustu viðtölum mínum við Anton var framkoma hans undarlegri og barnalegri en í fyrstu viðtölunum, og virtist sem erfiðara væri að ná sambandi við hann. Klæðaburður breyttist líka, og í síðasta viðtali sat hann á stuttermaskyrtu og íþróttabuxum og var sífellt að renna höndum undir buxnastrenginn og fíkta í fötum sínum. Framkoman líkist því, að um mikla „regression“ væri að ræða, það er afturhvarf til barnslegra hegðunarháttá.“

Þá er sjúkdómsprófun ákærða lýst í sömu skýrslu, og segir þar meðal annars orðrétt:

„Þegar Anton fór fyrst í áfengis meðferð haustið 1986, kom fram, að hann var haldinn þeim ranghugmyndum með paranoid-blæ, að fólk talaði um sig, og í síðari sjúkrahúslegu hans kom fram, að hann er á köflum haldinn miklum ranghugmyndum, þar sem honum finnst hann geta talað við sjónvarpið með augunum og móður sína.“

Þá verður nefnt sem dæmi um sturlunarástand hans á síðastliðnum mánuðum, að hann hafi haft tilfinningu af lömunarvél, sem móðir sín stjórnir. Þá segir orðrétt í skýrslunni:

„Þótt Anton hafi á köflum drukkið mikið og neytt amfetamíns, sérstaklega fyrir um ári, þá getur sú neysla ekki talist líkleg til að skýra sturlunar-

einkenni hans nú, og má benda á, að læknar á Vogu töldu háttalag hans svo ólíkt hegðun annarra sjúklinga, er þeir meðhöndluðu hann, að hann var sendur á geðdeild til meðferðar.

Þekkt er, að amfetamín getur valdið sturlunareinkennum, einkum við mikla og langvinna notkun, þegar svefn er lítill eða enginn dögum eða vikum saman, en ekkert kemur fram, sem bendir til, að neysla Antons hafi verið þannig, heldur komi þessi einkenni fram einnig, þegar Anton hafi ekki verið í óreglu um nokkurt skeið. Gott dæmi um þetta er sú þróun, sem orðið hefur nú við varðhaldsdvöl Antons, þar sem hann hefur sýnt sjúklegt athæfi að mati fangavarda og fangelsislæknir séð ástæðu til að meðhöndla hann með geðlyfjum. Þá verður að teljast mjög ólíklegt, að þessi einkenni geti skýrst af vímuefnanotkun hans.“

Í skýrslunni er greint frá rannsóknum, en þar segir orðrétt:

„Ekkert óeðlilegt hefur komið fram við líkamlegar rannsóknir. Ekkert óeðlilegt er að finna við líkamlega skoðun. Blóðhagur, sökk og deilitalning blóðs eru eðlileg. Elektrólýtar, blóðsykur, prótín, lifrarpróf, skjaldkirtilhormón og kynhormón er allt innan viðmiðunarmarka eða nærri þeim. Mæling á mótefnum við eyðnivírus er neikvæð og heilarit innan eðlilegra marka.

Sálfræðipróf, sem lögð voru fyrir Anton, sýna, að hann hefur að minnsta kosti meðalgreind, og ekkert kom fram, sem benti til heilaskemmda eða annarra vefrænna truflana. Rorschach-persónuleikapróf var metið þannig, að um skert raunveruleikatengsl væri að ræða undir tilfinningahlöðnum kringumstæðum. Á MMPI-persónuleikaprófi kemur fram hækkun á schizophren-þætti, sjúklegum einkennum í hugmyndalífi, kvíða og þunglyndi.“

Þá er að lokum tekin hér upp orðrétt niðurstaða geðrannsóknar dr. Helga í meginskýrslu hans:

„Af framansögðu þykir mér einsýnt, að Anton sé haldinn geðsjúkdómi. Það er mat mitt, að Anton uppfylli skilmerki um geðsjúkdóminn schizophrenia 295,0, auk þess sem hann er haldinn áfengisfíkn og misnotar einnig aðra vímuefna. Ég tel líklegast, að hann hafi framið verknað þann, sem um er fjallað, í sturlunarkasti, ómeðvitaður um afleiðingar gerða sinna. Hér kemur vissulega til álita, að Anton hafði drukkið áfengi og neytt amfetamíns, þegar atburðurinn varð, en aðstæður allar benda fremur til sturlunar en viljandi ofbeldis.

Ekki verður með vissu dæmt um, hver þáttur áfengis og amfetamíns var í sturlunarástandi því, er leiddi til verknaðarins, en ólíklegt verður að teljast, að þessi vímuefni hefðu framkallað slík sturlunareinkenni hjá manni, sem væri heill á geðsmunum fyrir.

Það er því niðurstaða mín, að Anton sé haldinn geðveiki, sem hafi, þegar

atburðurinn gerðist, gert hann ófæran um að skilja afleiðingar gerða sinna. Það er álit mitt, að Anton þurfi að fá viðeigandi meðferð, sem fyrst og fremst sé fólgin í lyfjatöku. Anton getur ekki, eins og ástand hans er nú, talist hættulaus sjálfum sér eða umhverfi sínu, þar sem hann hefur margsinnis ráðist á fólk, að því er virðist, af litlu tilefni með barsmíðum og ofbeldi.“

Eins og áður segir, hefur dr. Helgi gert tvær viðbótarskýrslur, sem varða geðheilsu ákærða. Eru þessar skýrslur gerðar að ósk dómara málsins, sem taldi framkomu Antons í réttarhöldum bæði 14. apríl sl. og síðar vera með þeim hætti, að ekki yrði hjá því komist að afla þessara viðbótarskýrslna, svo að unnt væri að leggja mat á geðrænt sakhæfi ákærða.

Má segja, að skýrslur þessar staðfesti, að mikil þörf var á því, að þær kæmu fram. Í stuttu máli lýsa skýrslurnar báðar þeim miklu geðsveiflum, sem fram koma í allri framkomu ákærða. Segir meðal annars í skýrslu frá 30.9. sl. orðrétt: „Meðan á varðhaldsdvölinni í Síðumúla stóð, var Anton mjög fjarlægur í hugsun og erfitt að ná sambandi við hann, kvartaði um að geta ekki hugsað og virtist eiga mjög erfitt með að koma frá sér heilli setningu. Fangelislæknar afreðu í samráði við mig að setja Anton á geðlyfjameðferð, trilafon, í litlum skömmtum.

Í lok maí var afraðið, að Anton flyttist í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Við komu þangað var hann mjög einrænn, umgekkst ekki aðra fanga, sýndi engan áhuga á neinu í umhverfinu og lýsti fyrir mér tilfinningum um, að hugsunin væri stöðvuð í höfði sér, fannst hann vera dæinn og heilinn bráðna allur og leka út úr höfðinu. Hann virtist einnig vægt paranoid (með ofsóknar-ranghugmyndir), fannst, að einhverjir lægju á hleri, þegar við töluðum saman. Einnig lýsti hann ranghugmyndum um, að móðir sín væri dæin og hefði fyrirfarið sér.

Vegna þessa psychotíska ástands var ákveðið að meðhöndla Anton með cisordinol-töflum í byrjun júní, fyrst 20 mg á dag, sem var aukið í 60 mg á dag, þegar ástand hélst óbreytt. Við þessa skammta koma fram töluverðar extrapyramídal aukaverkanir, sem lýsa sér í stjarfa, en þær löguðust við gjöf andkolinerga lyfja.

Hinn 10. júní ræddi ég við Anton, og var hann þá mun betri en áður og gat rætt nokkuð liðan sína og viðhorf. Næstu tvær vikur virtist geðheilsa hans fara batnandi, en hann var þá haldinn mikilli tómleikatilfinningu og einhverjum ranghugmyndum, og 23. júní reyndi hann að sarga sundur æð á úlnið sér.

Á þessu tímabili reyndi ég að vinna að því að fá Anton fluttan á geðdeild, en ekki náðist samkomulag um það við yfirlækna geðdeilda þrátt fyrir miklar viðræður. Var því afraðið, að Anton flyttist á Litla-Hraun til áframhaldandi geymslu, þar til dómur félli.

Af hagkvæmnisástæðum var ákveðið, að hann skyldi fá cisordinol í langvirkri sprautugjöf frekar en í töflum, og fékk hann 150 mg í vöðva.

Hinn 11. júlí var Anton síðan fluttur á Litla-Hraun, þá orðinn einkennalítill. Hinn 21. júlí ræddi ég við hann á Litla-Hrauni, og var hann þá í fyrsta skipti alveg laus við ranghugmyndir og eðlilegur í viðtali. Síðan hef ég rætt þrisvar við hann, og virðist hann nú alveg laus við geðveikiseinkenni. Hann fékk síðast sprautu af cisordinoli í lok júlí, sem á að verka 3 til 4 vikur, og enda þótt hann hafi nú um skeið verið lyfjalaus, hafa ekki komið fram nein einkenni um psychosis, og við skoðun 14. september er hann eðlilegur í viðmóti og hefur engar ranghugmyndir. Hann teflir skák við samfanga sína og virðist geta umgengist fólk með eðlilegum hætti. Hann hefur stundað vinnu, en einstaka sinnum vantað og þá að sögn vísað til andlegrar vanlíðanar.

Álit. Þróun einkenna bendir til, að um sé að ræða schizofreniu í bata, 6 til 8 mánaða geðveikisástand, sem lagast við stutta lyfjameðferð. Dvöl Antons á Litla-Hrauni virðist ekki hindra bata hans. Fangavistin virðist miklu heldur vera furðulítið andlegt álag, og Anton virðist sætta sig við orðinn hlut. Þó kann að vera, að um einhverjar sveiflur í liðan sé að ræða, sem komi ekki fram í viðtölum við mig.

Sú staðreynd, að Anton hefur lagast verulega í fangavistinni, bendir til, að fíkniefnaneyslan hafi verið mjög áhrifamikill þáttur í að framkalla sjúkdómseinkennin í vor, þótt sú neysla ein sér sé ekki nægileg skýring á sjúkdómsástandinu.

Um horfur hans á áframhaldandi bata er ekki hægt að segja með vissu, en líklegast er, að einkennin geti komið fram aftur, einkum við mikið andlegt álag eða vímuefnaneyslu.“

Í seinni skýrslu dr. Helga um geðheilsu ákærða, sem gerð er 17.11.1988, kveður við allt annan tón, og virðist Anton þá vera mjög breyttur frá því, sem virðist koma fram í fyrri skýrslu. Þar segir meðal annars orðrétt: „Hinn 23. október átti ég viðtal við Anton á Litla-Hrauni. Fangaverðir tjáðu mér, að Anton hefði þá um skeið verið fáskiptinn og lítið sem ekkert borðað sl. 7 daga.

Anton heilsaði mér með nafni og var í fyrstu hress, en varð fljótlega starandi og tapaði þræðinum, tautaði fyrir munni sér og virtist niðurdreginn. Aðspurður um áform sín í framtíðinni segist hann vera haldinn krabba-meini og eigi sér engar hjálpar von. Anton var greinilega í geðveikisástandi með ranghugmyndir og líklega truflun á hugsanagangi. Aðspurður hvort hann hafi komist í fíkniefni í fangelsinu, gefur hann fátt út á það, en neitar því ekki með öllu. Ég tel hins vegar ólíklegt, að hugsanleg fíkniefnaneysla ein sér valdi þessum einkennum.

Anton hafði nokkrum dögum fyrr byrjað að fá geðlyf (T. cisordinol,

5 mg x 3) hjá fangelsislækni, Péttri Skarphéðinssyni. Ræddi ég við Pétur daginn eftir og mælti með, að lyfjaskammturinn yrði aukinn.

Hinn 8. nóvember fór ég aftur austur að Litla-Hrauni og átti viðtal við Anton. Hann var nú eðlilegri í framkomu en í fyrra viðtali, og fanga-verðir sögðu hann vera farinn að borða eðlilega. Hann tekur ennþá geðlyf, eins og ég hafði mælt með. Ekki koma fram ranghugmyndir, en Anton er stundum fjarlægur og tautar fyrir munni sér. Hann segist ekki hafa áhuga á neinu, les ekki blöð eða bækur og hefur ekki áhuga á að vinna í fangelsinu. Ég tel vafalaust, að um sé að ræða einkenni vegna geðsjúkdóms, sem nú séu að lagast á lyfjameðferð.“

Dr. Helgi Kristbjarnarson hefur komið fyrir dóminn og svarað spurningum varðandi geðheilbrigði ákærða. Er hann fyrst spurður, hvort hann telji, að ákærði hafi verið ófær á þeim tíma, er hann vann það verk, sem hann er ákærður fyrir, um að ráða gerðum sínum eða hafa stjórn á þeim.

Svar hans læt ég fylgja hér orðrétt:

„Ég tel, að um þetta sé eingöngu hægt að leiða líkur, og mér finnst yfirgnæfandi líkur til, að svarið við spurningunni sé já, það er að segja, að hann hafi verið ófær um að ráða gjörðum sínum vegna sjúkleika.“

Þá er Helgi spurður þeirrar spurningar, hvort högum ákærða sé þannig háttað nú, að refsing muni bera árangur í þeim skilningi, að hann skilji gildi hennar, og geti hugsanlega haft bætandi áhrif. Svar Helga fer hér á eftir orðrétt:

„Ég taldi í sumar, að dvölin og viðeigandi lyfjameðferð leiddi ekki til versnunar á sjúklegu ástandi hans, en hins vegar hefur það síðan gerst, að sjúkdómur hans hefur versnað, og ég get ekki fullyrt, nema það umhverfi, sem hann sé í, kunni að viðhalda sjúkdómnum, svo að ég tel, að hugsanlega væri betra, að hann væri á stofnun, sem væri sérhæfðari fyrir meðferð geðsjúkra.“ Þá er Helgi spurður í framhaldi af þessu þeirrar spurningar, hvort hann telji líkur til, að refsivist muni vera hvati að því, að þessi tiltekni aðili fremdi ekki afbrot aftur eða svipað athæfi.

„Ég tel það mjög vafasamt, að slíkt hafi nein fyrirbyggjandi áhrif, þar sem ég tel, að Anton hafi væntanlega ekki verið í ástandi til þess að gera sér grein fyrir því, sem gerðist á þeim tíma, þegar það gerðist, og þar af leiðandi séu fyrirbyggjandi áhrif refsingar fyrir þennan glæp óverulegar eða engar, nema hugsanlega síður sé.“

Þá er Helgi spurður að því, hvort hann telji, að geðveikisástand, sem hann segir Anton vera í, eigi rót sína fyrst og fremst að rekja til geðsjúkdóms eða hvort þetta sé áunnið frekar með neyslu fíkniefna og áfengis. Orðrétt svar Helga:

„Ég tel, að hann sé tvímælalaust haldinn geðsjúkdómi, og ég tel tvímælaust, að hann versni, sjúkdómur hans, við neyslu, og ég tel, að ef hann

væri ekki haldinn þessum geðsjúkdómi, þá mundi hann ekki fremja ódæðisverk vegna þeirrar vímuefnaneyslu, sem hann hefur ástundað, það er að segja, vímuefnaneyslan er ekki, að því er virðist, svo mikil, að hún ein sér geti skýrt þetta geðveikisástand. Það er sem sagt að mínu áliti tvímælalaust geðsjúkdómurinn, sem liggur til grundvallar, að það sturlunarástand kemur fram, sem þarna er um að ræða.“

Þá er Helgi spurður um áhrif þess magns, sem reyndist vera af etanóli og amfetamíni við rannsókn á blóði og þvagi ákærða. Svar Helga orðrétt:

„Ég tel, að hann hafi tvímælalaust verið undir töluverðum áhrifum af þessu, en ég tel, að þetta magn eitt sér útskýri ekki það sturlunarástand, sem hann hafi væntanlega verið í. Það kemur líka fram í samtali Antons við mig, kom áður fram, að hann hafi verið kominn með ranghugmyndir, eins og kemur fram í skýrslu minni, áður en hann fór að drekka verulega eða neyta amfetamíns.“

III.

Álit dómsins.

Ákærði hefur játað það við rannsókn málsins að hafa aðfaranótt miðvikudags 6. apríl 1988 veitt X áverka með því að skera hann með hníf þvert á háls, 15 cm langan skurð, sem náði í gegnum ystu vöðvalög framanvert á hálsi og inn í barka.

Framburður hans er þó mjög ruglingslegur og óskýr, og fyrir dómi hefur hann ekki fengist til að gefa neinar skýringar á atferli sínu að öðru leyti en því, að hann hefur sagt, að hann hafi ekki ætlað að ráða manninum bana með því að veita honum áverkann, andstætt því sem eftir honum er haft við rannsókn málsins, þar sem hann segist hafa ætlað að drepa manninn.

Með stoð í vætti vitnisins X þykir því sannað, að ákærði hafi veitt honum áverka þann á hálsi, sem um ræðir í máli þessu, í þeim tilgangi að ráða honum bana. Ekki verður getum að því leitt, hvað vakað hafi fyrir ákærða, enda verður að hafa í huga geðheilbrigði hans, er atburðurinn varð. Ekki virðist hægt að rekja nein tengsl milli verknaðarins og aðdragandans að honum. Verður því með tilliti til þeirrar aðferðar, sem sannað telst, að ákærði hafi beitt, það er að bregða hnífi á barka X, að skoða verknaðinn sem ásetningsverknað, og varðar hann því við 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga. Þá verður að telja allar líkur til, að það hafi verið fyrir tilverknað áráðarþola, að ekki fór verr en raun bar vitni.

Talið er sannað með framburði ákærða og vitnisins X, að ákærði hafi framið brot það, sem lýst er í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum um ákærða, Anton Birgis-

son, telur dómurinn fram komið, að yfirgnæfandi líkur séu til, að hann hafi verið geðveikur á verknaðarstund 6. apríl 1988 og því ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Er vafalaust að álit dómsins, að hann hefur þá vegna sjúklegs ástands síns verið alls ófær á þeim tíma, er hann vann verkið, til að stjórna gerðum sínum.

Dómari leitaði sérstaklega læknisumsagnar um það, hvort ætla mætti, að refsing gæti borið árangur. Verður af svari dr. Helga Kristbjarnarsonar ráðið, að fyrirbyggjandi áhrif refsingar yrðu óveruleg eða engin, nema hugsanlega síður væri.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til 15. og/eða 16. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða því eigi dæmd refsing. Hins vegar er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að varna því, að háski verði af ákærða. Ber því samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að ákærði sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Samkvæmt löggjöfnun frá 178. gr. laga nr. 74/1974 ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Engar fjárkröfur hafa komið á hendur ákærða frá árásarþola, X.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að ákveða, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 kr., auk réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 105.000,00 kr. Sókn í málinu hafði Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Anton Birgisson, sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 kr., auk réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 105.000,00 krónur.